



Fundargerð

1503. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
13. febrúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir
formaður, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Margrét Þórarinsdóttir
áheyrnarfulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Skammtímafjármögnun bæjarsjóðs (2024040272)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað þar sem óskað er eftir að leita að skammtímafjármögnun fyrir
Reykjanesbæ vegna tímabundins lausafjáranda.

Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkir hér með á bæjarráðsfundi nr. 1503 þann 13. febrúar
2025 að óska eftir skammtímafjármögnun að höfuðstól allt að kr. 1.000.000.000,- , með
lokagjalddaga þann 15. janúar, 2026. Óskað er eftir framlengingu á lánasamningi sem er á
gjaldddaga 28.02.2025.

Er fjármögnunin ætluð til að brúa bil þar til jafnvægi kemst á dreifingu fjárstreymis en
fasteignagjöld eru innheimt frá febrúar til nóvember ár hvert og kemur því fall í fjárstreymi í
desember og janúar um 700 milljónir.

Jafnframt er Regínu Fannýju Guðmundsdóttur, kt. 131169-3379, fjármálastjóra og
prókúruhafa, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita
lánaskjöl sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda
hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um
útborgun láns.

2. Sameining sveitarfélaga (2023090620)

Lagt fram bréf frá innviðaráðuneytinu.

Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur formanni bæjarráðs, Margrétu A. Sanders
bæjarfulltrúa og Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra, fulltrúum Reykjanesbæjar í
óformlegum viðræðum um sameiningu sveitarfélaganna að vinna áfram í málinu.

3. Lánasjóður sveitarfélaga – framboð í stjórn (2025020199)

Lagt fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem óskað er eftir tilnefningum og/eða framboði til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga.

4. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 31. janúar 2025 (2025020043)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 31. janúar 2025 (2025010435)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

6. Umsagnarmál í samráðsgátt (2025010342)

Breyting á sveitarstjórnarlögum - mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög

<https://island.is/samradsgatt/mal/3908>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09.40